Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri
Rektorsskrifstofa
Rectors Office

Akureyri, 16.11.2026
Tilv.: S-225/2026

Umsögn um mál í samráðsgátt: S-225/2026

Samráð um drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt

Háskólinn á Akureyri hefur áhyggjur af því að fyrirhugaðar reglur um hækkun framfærsluviðmiða, ásamt nýlegum hækkunum á kostnaði við að sækja um dvalarleyfi, geti haft veruleg áhrif á viðleitni íslenskra háskóla til að laða til sín hæfileikaríka erlenda nemendur, sérstaklega á meistara- og doktorsnámsstigi. Þessir nemendur efla rannsóknarstarfsemi, nýsköpun og þróun sérfræðiþekkingar á Íslandi, sem í einhverjum tilfellum nýtist íslenskum fyrirtækjum í framtíðinni. Einnig er mikilvægt að afgreiðslutími dvalarleyfa fyrir erlenda nemendur sé bæði fyrirsjáanlegur og stuttur.

Háskólinn á Akureyri tekur einnig undir sjónarmið Háskólans í Reykjavík í þessu samráði og leggur áherslu á að við ákvarðanir um raunhæfa framfærslu til að fá dvalarleyfi sé jafnframt gætt meðalhófs þannig að fjárhagslegir þröskuldar verði ekki svo háir að þeir útiloki hæfileikaríkt námsfólk sem hefur möguleika til náms víða. Erlendir nemendur styrkja háskólakerfið, alveg eins og íslenskir nemar sem halda erlendis eru álitnir styrkja háskóla þar sem þeir stunda nám.

Á alþjóðlegum markaði keppa íslenskir háskólar við háskóla á Norðurlöndum, í Evrópu og víðar um framúrskarandi námsfólk. Við val á námsstað horfa umsækjendur ekki aðeins til námsins sjálfs heldur einnig til heildarkostnaðar, aðgengi að þjónustu og einfaldleika stjórnsýslu. Aukinn fjárhagslegur þrýstingur getur því veikt stöðu íslenskra háskóla í þeirri samkeppni.

Háskólinn á Akureyri telur því mikilvægt að hugsanleg áhrif þessarar reglugerðar á erlent námsfólk verði könnuð áður en til samþykktar kemur. Að auki er mikilvægt að tryggja að afgreiðslutími dvalarleyfa fyrir erlenda nemendur sé fyrirsjáanlegur og komi ekki í veg fyrir að nemar sem

Erlendir meistara- og doktorsnemar gegna oft lykilhlutverki í rannsóknarstarfi íslenskra háskóla og efla alþjóðavæðingu þeirra. Erlendir nemar taka þátt í rannsóknarverkefnum, stuðla að alþjóðlegu samstarfi, auka fjölbreytni akademísks umhverfis og styrkja þannig háskólana.

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri
Rektorsskrifstofa
Rectors Office

Háskólinn telur mikilvægt að stjórnvöld líti til þessara þjóðhagslegu áhrifa við ákvörðun framfærsluviðmiða. Hluti þeirra sem koma hingað til framhaldsnáms er jafnframt sá hópur er líklegur til að taka þátt í uppbyggingu íslensks atvinnulífs til framtíðar, hvort sem er í rannsóknum, nýsköpun eða sérhæfðum störfum þar sem skortur er á vinnuafli.

Markmið íslenskra stjórnvalda um aukna verðmætasköpun, rannsóknir, nýsköpun og uppbyggingu þekkingariðnaðar kalla á að Ísland sé samkeppnishæft við önnur ríki þegar kemur að aðdráttarafli fyrir hæfileikaríkt alþjóðlegt námsfólk.

Háskólinn telur því mikilvægt að reglusetning um framfærslukröfur taki mið af þessum stefnumarkmiðum. Regluverkið ætti að styðja við að Ísland geti laðað að og haldið í framúrskarandi alþjóðlega nemendur og unga vísindamenn, fremur en að skapa þeim fjárhagslega og stjórnsýslulega þröskulda sem gera önnur lönd að álitlegri kostum.

Einnig er mikilvægt að erlendu námsfólki sé tryggð skjót og fyrirsjáanleg afgreiðsla umsókna um dvalarleyfi. Óvissa um afgreiðslutíma og óhóflegar tafir á afgreiðslu umsókna geta haft veruleg áhrif á möguleika einstaklinga til að hefja nám á réttum tíma og skapað bæði nemendum og háskólum erfiðleika við skipulagningu náms og rannsókna. Nú þegar íslenskir háskólar eru að fara að leggja skólagjöld á nemendur utan EES er þetta sérstaklega mikilvægt, því það getur flækt starf rannsakenda, háskóla og nemenda ef umsóknir um dvalarleyfi námsfólks eru ekki afgreiddar fljótt og vel.

Háskólinn á Akureyri leggur því einnig til að stjórnvöld setji sér skýr markmið um afgreiðslutíma umsókna námsmanna og tryggi að nægt fjármagn og mannafli sé til staðar svo unnt sé að afgreiða slíkar umsóknir með skilvirkum hætti.

Virðingarfyllst,

Áslaug Ásgeirsdóttir
rektor

Norðurslóð 2 600 Akureyri 460 8000 rektor@unak.is www.unak.is